

Sigurður Ásbjörnsson
Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

11. janúar 2021

Umsögn um: Seljadalsnáma - Tillaga að matsáætlun.

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér efni tillögu að matsáætlun fyrir Seljadalsnámu.

Vinnsla jarðefna er háð starfsleyfi sem heilbrigðisnefnd gefur út með vísan til laga um hollustuhætti nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Ef í tengslum við námuna verða reknar vinnubúðir með gistingu eða mótuneyti, sem er reyndar ólíklegt, er sú starfsemi einnig háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

Að mati heilbrigðiseftirlits þarf að gera grein fyrir tveimur atriðum í frummatsskýrslu, sem ekki er alveg skýrt í tillögu að matsáætlun, að gerð verði grein fyrir. Það er:

1. Hvaða akstursleið verður notuð af malarflutningabílum eftir beygjuna frá Seljadalsvegi? Aka þeir í norður eftir Hafravatnsvegi í Mosfellsbæ, eða í suður eftir Hafravatnsvegi að Nesjavallavegi til Reykjavíkur? Búið er að reisa eina malbiksstöð á Esjumelum á Kjalarnesi og stendur til að reisa þar aðra. Það má telja líklegt að bílstjórar malarflutningabíla velji þá leið sem er styst til væntanlegra kaupanda efnisins og gæti því norðurleiðin eftir Hafravatnsvegi verið meira notuð. Sú leið liggur framhjá Hafravatni og inn á Reykjaveg í þéttbýli í Mosfellsbæ að Vesturlandsvegi.
2. Í viðbrögðum framkvæmdaraðila við umsögnum hagsmunaaðila við drög að tillögu að matsáætlun kemur fram að lagðar verða til viðeigandi mótvægisáðgerðir gagnvart rykmengun. Að mati heilbrigðiseftirlitsins þarf meðal annars að gera grein fyrir þeirri mótvægisáðgerð að leggja Hafravatnsveg bundnu slitlagi til að draga úr rykmengun á akstursleið malarflutningabíla.

Virðingarfyllt



Árni Davíðsson
framkvæmdastjóri